



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2014

Mynd á forsíðu

Flestar hosur eða sokkar eru þrjónaðir með því sem ýmist hefur verið kallað brugðningar eða stroffþrjón. Íðorðanefnd um hannyrðir vill taka upp gamalt og gott orð sem er stuðlaprjón. Þá er átt við þrjón þar sem þrjónaðar eru ein eða fleiri lykkjur sléttar og brugðnar til skiptis til að sokkarnir verði teygjanlegri efst.

Ljósmynd: Elena Leonova

EFNISYFIRLIT



Auðnutittlingur gæðir sér á ljúffengum málsverði. „Auðnutittlingur“ er íðorð í fuglafræði. Íðorðabanki Árnastofnunar geymir orðasöfn í fjölda sérgreina.

	Bls.
Fylgt úr hlaði	3
Skipulag	4-5
Íslenska verði nothæf og notuð á öllum sviðum	6-7
Máltækni	8
Frímerki og handrit	9
Safnfræðsla um allt land	9
Gagnasöfn	10-11
Rannsóknir og útgáfa	12-17
Miðlun og kennsla	18-20
Alþjóðlegt samstarf	21-23
Samstarf innanlands	24-25
Viðburðir 2014	26-28
Ritaskrá og fyrirlestrar starfsmanna árið 2014	29-36

INNGANGUR



Íslensk tunga er í stöðugri mótun. Í þessari ársskýrslu fyrir árið 2014 beinum við athygli sérstaklega að því mikla sköpunarstarfi sem fer fram í orðanefndum og hjá öðrum höfundum sérhæfðra orðasafna. Margar orðanefndir og aðrir sérfræðingar eru að störfum víða í samfélaginu undir faglegri leiðsögn málræktarsviðs Árnastofnunar. Ný viðfangsefni kalla á nýjan orðaforða og á hverjum degi verða til ný orð sem fanga nýja hugsun og nýjar uppgötvanir. Þannig endurnýjar tungumálið sig stöðugt.


Tækninni fleygir fram í hverjum einasta mánuði og lítið tungumál stendur frammi fyrir miklum áskorunum í hinum stafræna heimi þar sem enskan hefur óneitanlega yfirburðastöðu. Í nýlegri evrópski úttekt á stöðu íslenskunnar í hinni nýju stafrænu tækni kom í ljós að íslenskan er mjög vanbúin þegar kemur að tæknilegum stuðningi. Sú staða hefur því miður ekki batnað á síðustu misserum, en gleðifréttirnar eru hins vegar þær að við getum svo auðveldlega rétt hana við. En hverju ætlum við að kosta til að færa arfinn og íslenska tungu inn í nýja framtíð, inn í nýja stafræna öld?

Í maí 2014 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um íslensku í stafrænum heimi og nú liggja fyrir metnaðarfullar en raunsæjar tillögur til að fylgja henni eftir. Mikilvægt er að það verði gert af fullri alvöru því að við eigum alla möguleika á að tryggja íslenskunni varanlega stöðu í rafrænum heimi – en slík uppbygging kostar fjárfestingu í nauðsynlegum innviðum. Við þurfum t.d. að smíða traust þýðingatól og máltól sem hægt er að nota í stýrikerfum, í spjalddölvunum og í símunum, og í þeirri uppbyggingu búum við að fjölbreyttum máltækni-verkefnum sem unnin hafa verið á Árnastofnun.

Á árinu 2014 tók stofnunin þátt í að fagna afmæli tveggja skálda, 800 ára afmæli Sturlu Þórðarsonar og 400 ára afmæli Hallgríms Péturssonar. Báðir skópu listaverk sem lifa svo góðu lífi að þau eru enn rannsökuð af fræðimönnum um allan heim og endursköpuð í nútímalistaverkum. Afmælin hvetja okkur til að efla miðlun menningararfsins til nýrra kynslóða. Árið 2014 kvöddum við góðan samstarfsmann, Jónas Kristjánsson fyrrv. forstöðumann, sem var óþreytandi í miðlun bókmennta til almennings og í nýsköpun tungumálsins. Hann er okkur góð fyrirmynd. Árnastofnun leggur ríka áherslu á að miðla öllum gögnum sínum rafrænt á netinu, handritum, skjölum og upptökum jafnt sem ómetanlegum orðasöfnum. Þannig tengjum við gamalt og nýtt, og íslenska tungu á öllum tímum. Myndin á forsíðunni sýnir þessa hugsjón með táknrænum hætti: hvernig barn á 21. öldinni klæðist sigildri ullarhosu í sauðalit og gerir að sinni.

Guðrún Nordal forstöðumaður

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



SKIPULAG

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

STJÓRN OG STARFSLIÐ 2014

Stjórn

Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Fastráðnir starfsmenn í árslok voru 35.

Forstöðumaður

Guðrún Nordal prófessor

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri

Handritasvið

Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Emily Lethbridge, nýdoktor hjá miðaldastofu, Erika Sigurdson nýdoktor, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor,

Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent, Haraldur Bernharðsson, dósent og forstöðumaður miðaldastofu, Haukur Þorgeirsson rannsóknarlektor, Hersteinn Brynjólfsson forvörður, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Marie Cuire-styrkþegi við Harvard-háskóla og stofnunina, Jóhanna Ólafsdóttir ljósmyndari, Ludger Zeevaert rannsóknarmaður, Svanhildur Gunnarsdóttir safnkennari, Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknardósent (i leyfi), Viðar Pálsson nýdoktor, Þórður Ingi Guðjónsson, ritstjóri Hins íslenska fornritafélags

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur, Jóhannes B. Sigtryggsson málfræðingur

Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason stofustjóri, Margrét Valmundsdóttir verkefnisstjóri

Orðfræðisvið

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent og stofustjóri, Gunnlaugur Ingólfsson rannsóknardósent, Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri, Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor, Kristín Bjarnadóttir rannsóknarlektor, Sigrún Helgadóttir verkefnisstjóri, Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri



Hús íslenskra fræða á að rísa á lóð við Arngrímsgötu 5.

Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor

Stjórnarsýslusvið

Kári Kaaber framkvæmdastjóri, Antonio Costanzo öryggisvörður, Guðmundur G. Guðmundsson öryggisvörður, Helga Ingvarsdóttir ræstingamaður, Philip Roughton öryggisvörður, Ríkarður Owen öryggisvörður, Rósa Sveinsdóttir verkefnisstjóri, Sigurður Valtýsson öryggisvörður, Soffía Guðný Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Steinþór Steingrímsson verkefnisstjóri

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir bókaforður

Starfsmönnum fjölgaði um tuttugu tímabundið yfir sumarmánuðina og unnið var að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar. Fjórir starfsmenn voru ráðnir í sumarátaki Vinnuálastofnunar. Í ársskýrslunni er þeirra getið í tengslum við þau verkefni sem þeir unnu helst við. Auk þess hlutu stúdentar styrki til ákveðinna verkefna sem þeir unnu í styttri tíma og aðrir unnu lokaverkefni við Háskóla Íslands sem tengdust verkefnum á stofnuninni og er þeirra getið

þar sem þau eru nefnd. Rúmlega 60 gestafræðimenn höfðu aðstöðu á stofnuninni á árinu, þar af 13 doktorsnemar og átta fyrirverandi starfsmenn.


Ritstörf og erindi starfsmanna 2014 eru birt í vefútgáfu ársskýrslunnar, www.arnastofnun.is/page/arsskyrslur.

Húsnæðismál

Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Í september blasti við starfsmönnum á Neshaga að leysa bráðan og óvæntan húsnæðisvanda málræktarsviðs, nafnfræðisviðs og orðfræðisviðs. Tilkynt hafði verið að rýma þyrfti Neshaga 16 fyrir Reiknistofnun Háskólans og útvega þyrfti starfsmönnum Árnastofnunar nýtt húsnæði. Tóku stofustjórar í starfsstöð Árnastofnunar á Neshaga þátt í því að leita að húsnæði með forstöðumanni, fulltrúum Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins. Í árslok 2014 var búið að gera tæknilega lýsingu á húsnæðisþörfinni og auglýsa eftir tilboðum um leiguhúsnæði, helst í grennd við Árnagarð. Miðað var við að um bráðabirgðalausn yrði að ræða þangað til flutt verður í Hús íslenskra fræða.

ÍSLENSKA VERÐI NOTHÆF OG NOTUÐ Á ÖLLUM SVIÐUM


Málræktarsvið Árnastofnunar veitir landsmönnum fræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar um mál og málnotkun sem miða að *varðveislu* og *eflingu* íslenskrar tungu. Með *varðveislu* er vísað til órófins málsögulegs samhengis. Með *eflingu* er vísað til þess að treysta íslenskuna í sessi sem aðalsamskiptamálið á Íslandi, að málið búi yfir nægum orðaforða og tjáningarmætti til að mæta nýjum aðstæðum eftir því sem samfélagið þróast og verði ekki hornreka sökum örrar þróunar í tölvum og upplýsingatækni. Meginmarkmið íslenskrar málstefnu, *Íslenska til alls*, sem Alþingi afgreiddi samkvæmt tillögu *Íslenskrar málnefndar* árið 2009, er að íslenska verði nothæf og notuð á öllum sviðum samfélagsins.



Almenningur vill að læknar útskýri á íslensku

Jóhann Heiðar Jóhannsson er læknir og klínískur prófessor á Landspítala. Hann hefur um langt árabil verið með ötulustu mönnum í sinni stétt við að vinna að vexti og viðhaldi iðorðaforða í læknisfræði. Frá 1989 til þessa dags hefur hann ritað reglulega pistla um iðorð í Fréttablað lækna, Læknablaðið og síðustu ár í Lyfjatiðindi. Jóhann Heiðar vinnur af fullum krafti sem sjálfbóðaliði við endurskoðun á orðasafni lækna og hefur til þess vinnuaðstöðu á málræktarsviði Árnastofnunar. Hann er einnig formaður *Orðanefndar lækna* sem heldur þar mánaðarlega starfsfundi. Íorðasafn lækna hefur verið öllum aðgengilegt frá 1998, í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar, nú Íorðabanka Árnastofnunar. Orðasafn lækna hefur að geyma um 33 þúsund færslur og er ætlað heilbrigðisstarfsmönnum, nemendum og öllum almenningi. Það er enn í vexti enda stækkar iðorðaforðinn og breytist eftir því sem læknisfræðin þróast og enn fremur er eldri þekking um upphaf og eðli sjúkdómsbreytinga í sífelldri endurskoðun.

„Vinnan við orðasafn lækna byggist á þeirri hugsjón að eðlilegt sé að nota íslensku þegar rætt er um heilbrigðismál eða veikindi íslenskra manna á Íslandi. Íslenskan er auðug og á aragrúa orða og orðstofna sem henta vel til að þýða erlendu heitin og gera þau skiljanleg. Þess vegna ættu læknar að nota íslenskt mál og íslensk heiti þegar þeir ræða við sjúklinga sína og aðstandendur þeirra um veikindi. Nógu erfitt getur verið að skilja eðli sjúkdómsbreytinganna þótt ekki bætist við átök við erlend orð og framandi „læknamá“ ef slíkt er notað við samræðu.“



Í framkvæmdastjórn Íslenskrar málnefndar eru Guðrún Kvaran, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Sigríður D. Þorvaldsdóttir, Haraldur Bernharðsson og Eiríkur Rögnvaldsson (vantar á myndina). Ritari og samverkamaður af hálfu Árnastofnunar er Jóhannes B. Sigtryggsson (annar frá vinstri).

Íslensk málnefnd fagnaði 50 ára afmæli

Íslensk málnefnd var sett á fót 30. júlí 1964. Hún tók við verkefnum svonefndrar „nýyrðanefndar“ en við þau bættust mun fleiri viðfangsefni enda fékk málnefndin það hlutverk að vera til leiðbeiningar um íslenskt mál í viðum skilningi. Síðan 2006 ber nefndinni að gera tillögur um íslenska málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin semur íslenskar ritreglur. Íslensk málstöð var skrifstofa nefndarinnar frá 1985 til 2006 en þá féll verkefnið undir málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Pörfin er til staðar

Guðrún Hannele Henttinen rekur hina gamalgrónu hannyrðaverslun Storkinn í Kjörgarði við Laugaveg. Hún hefur frá æsku haft áhuga á orðum og málfari sem spratt ekki sist af því að hún á tvö móðurmál, íslensku og finnsku, og var jafnvíg á bæði málum sem barn. Guðrún Hannele er textilkennari með MA í menntunarfræði og diplómu frá textildeild Helsinki-háskóla. Hún hafði forystu um stofnun *orðanefndar um hannyrðir* sem heldur reglulega fundi á málræktarsviði Árnastofnunar. „Það hefur orðið mjög mikil þróun í hannyrðum undanfarin ár, ekki sist í þrjóni. Við sem semjum og þýðum uppskriftir og kennum hannyrðir höfum orðið varar við að það skortir orð á íslensku. Einnig var kominn tími til að „taka til“ í orðanotkuninni þar sem ólík orð eru höfð um sama fyrirbæri og fólk leggur mismunandi skilning í orðin. Við vonum að störf nefndarinnar komi sér vel fyrir jafnt lærða sem leika í þrjóni og öðrum hannyrðum.“

Í iðorðabankanum eru núna um 50 orðasöfn. Hægt er að leita í öllum orðasöfnum í einu. Ef t.d. slegið er inn leitarorðið *horn* birtast margar niðurstöður til útskýringar enda tákna það orð ýmis ólík hugtök. Skýringarnar eru sóttar í orðasöfn um bíla, eðlisfræði, landupplýsingafræði, læknisfræði, málmíðnað, raftækni, sjómennsku og vélfræði, stjörnufræði, tölvufræði og upplýsingafræði, svo að nokkuð sé nefnt. Þannig gefst notendum kostur á að velja þá skýringu sem best á við hverju sinni.

Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Iðorðabanka Árnastofnunar



Iðorðastarf er grundvöllur þess að fjalla um sérhæfð efni á íslensku

Iðorðabanki Árnastofnunar (áður Orðabanki Íslenskrar málstöðvar, stofnsettur 1997) veitir yfirsýn yfir íslenskan iðorðaförða og stuðlar að auknu samræmi bæði í orðanotkun og skilgreiningum. Iðorðabankinn veitir aðgang að íslenskum þýðingum á erlendum iðorðum og að hugtakaskilgreiningum iðorða á íslensku og fleiri tungumálum.

Iðorðabankinn gagnast vel öllum þeim sem fjalla um sérfræðileg efni, þýðendum, kennum, nemendum, fjölmiðlafólki, opinberum stofnunum og fyrirtækjum, svo og hvers kyns áhugafólki. Hann er hannaður þannig að hægt er að skrá ný orðasöfn beint inn með sérhæfðum hugbúnaði sem höfundar fá endurgjaldslausan aðgang að.



Um 1200 þátttakendur sóttu alþjóðlegu máltækniráðstefnuna sem haldin var í Hörpu 26.–31. maí 2014.

MÁLTÆKNI

Með orðinu *máltækni* er vísað til samvinnu tungumáls og tölvutækni í hagnýtum tilgangi, samvinnu sem beinist að því að þróa kerfi sem geta unnið með og skilið náttúruleg tungumál og stuðlað að notkun þeirra í samskiptum manns og tölvu. Þessi samvinna getur bæði falist í notkun tölvutækninnar í þágu tungumálsins og í notkun tungumálsins innan tölvutækninnar.

Máltækniráðstefna

Niunda LREC-ráðstefnan (Language Resources and Evaluation Conference) var haldin í Hörpu 26.–31. maí 2014. Ráðstefnan er víðamesta máltækniráðstefna heims og er haldin annað hvert ár. Í þetta sinn voru 1200 þátttakendur frá 75 löndum og var ráðstefnan því álika fjölmenn og stærstu ráðstefnur sem áður hafa verið haldnar í þessari röð. Í tengslum við hana voru haldnar vinnustofur og námskeið. Haldnir voru um 760 fyrirlestrar á aðalráðstefnunni, auk fyrirlestra í vinnustofum, og eru þeir nú aðgengilegir á vefnum. Í vísindanefnd ráðstefnunnar voru um 970 fræðimenn frá ýmsum löndum, þar af fjórir íslenskir.

Viðfangsefni ráðstefnunnar og vinnustofanna tengdust yfirleitt hvers kyns rafrænum mállegum gögnum og vinnu með þau. Þar má nefna gerð orðabóka og orðasafna; uppbyggingu málheilda og textasafna; vélrænar og tölvustuddar þýðingar; gerð talgreina og talgervla; greiningu, samræmingu og útgáfu forntexta; gerð villuleitar- og leiðréttingarhugbúnaðar; smíði hvers kyns mállegra greiningarforrita; höfundarétt og lög um rafræn gögn o.s.frv. Fjöldi íslenskra fræðimanna sótti ráðstefnuna og margir þeirra héldu þar erindi eða kynntu veggspjöld. Ráðstefnan vakti athygli á mikilvægi máltækni og var mikil lyftistöng fyrir máltæknisamfélagið á Íslandi.

Að ráðstefnunni stóðu samtökin ELRA (European Language Resources Association) í samvinnu við Máltæknisetur, samstarfsvettvang Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og var ráðstefnan haldin undir verndarvæng UNESCO. Undirbúningsnefnd, skipuð fulltrúum frá samstarfsstofnunum, starfaði með erlendu ráðstefnuhöldurum. Næstum 30 stúdentar frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík aðstoðuðu við skráningu og fleira sem sjálfbóðaliðar.

Almannarómur


Stofnuð var sjálfseignarstofnunin *Almannarómur* sem hefur þau markmið að auka samkeppnisfærni íslenskra fyrirtækja og að auka mannréttindi og bæta samfélagið með því að veita aðgang að máltæknilausnum sem lækka tungumálaþröskulda, auka möguleika til mennta, bæta aðgengi að upplýsingum, gera fólki kleift að taka virkari þátt í atvinnulífi og veita fjölbreyttari afþreyingarmöguleika. Tæknilausnir Almanna-róms verða opnar öllum stofn- og styrktaraðilum, íslensku atvinnulífi og almenningi til góða.

Almannarómur var stofnaður í framhaldi af samnefndu verkefni sem Háskólinn í Reykjavík og Máltæknisetur tóku þátt í á árunum 2011 til 2012. Í samstarfi við Google var þá safnað um 120 þúsund íslenskum raddsjónum. Tæknimenn hjá Google unnu talgreini fyrir íslensku upp úr þessum raddsjónum og fleiri gögnum um íslensku. Hann var tilbúinn haustið 2012 og gerður aðgengilegur til notkunar í Android-snjallsímum. Raddsjónin eru opin á vefsetrinu málföng.is og öllum frjálst að nota þau til þess að þróa ýmsan máltækniþúnað fyrir íslensku. Nú þegar eru um 57 þúsund raddsjóni tilbúin og aðgengileg. Til þess að forðast rugling við sjálfseignarstofnunina *Almannaróm* fengu þessi gögn heitið *Málrómur*.

FRÍMERKI OG HANDRIT

Íslandspóstur gaf út frímerki með myndum úr handritum í tilefni af því að í nóvember 2013 voru 350 ár liðin frá fæðingu Árna Magnússonar. Sú útgáfa var í samvinnu við danska póstin. Myndefnið er fengið úr handritum úr safni Árna Magnússonar í stofnuninum í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Handritin eru Kálfalækjarsögubók, sem hefur að geyma Njáls sögu, og danskt handrit sem inniheldur lög fyrir Sjáland.

Á árinu gaf Íslandspóstur einnig út frímerki með mynd úr Flateyjarbók í tilefni af því að sumarið 2014 voru 800 ár liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar sagnaritara og loks gaf Íslandspóstur út jólafrímerki með teikningum úr handriti sem kallað hefur verið Íslenska teikniabókin.



Frímerki með myndum úr handritum úr safni Árna Magnússonar.

SAFNFRÆÐSLA UM ALLT LAND

Ekki var boðið upp á handritasýningu fyrir skólafólk og almenning vegna húsnæðisskorts og voru því starfsaðstæður safnkennara ólíkar því sem verið hefur undanfarna tæpa tvo áratugi. Tekið var á móti samtals átta dönskum og norskum menntaskólalópum á málstofu í Árnagarði og þeim sýnd og kynnt nokkur handrit. Safnkennari lagði jafnframt land undir fót og heimsótti grunnskóla um allt land. Með því að færa safnfræðsluna inn í skólaförunar gefst börnum kostur á að kynnast handritaárfinum, handverki fyrri tíma og söfnunarstarfi Árna Magnússonar á náinn og persónulegan hátt. Heimsóknirnar komu í kjölfar verkefnisins *Handritin alla leið heim – Sex örsýningar um íslensk handrit í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar*. Farið var á sex staði á landinu og grunnskólanemendur heimsóttir í þeim héruðum og sýslum þar sem sýningarnar höfðu verið settar upp, þ.e. á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og Suðurlandi. Á árinu heimsótti safnkennari nemendur í 34 grunnskólum.



Grunnskólanemar á Akranesi á handritakynningu safnkennara stofnunarinnar.

GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári. Hlúð er að gögnunum og mikilvægur þáttur í stefnu stofnunarinnar er að opna aðgang að söfnunum. Handritamyndum á vef fjölgar, orðasöfn stækka, iðorðasöfn eflast, rafrænum örnefnaskráum fjölgar og þjóðfræðaeftir er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum og skráð á vef.

Handrit

Ljósmyndun handrita var haldið áfram. Í samstarfi við Landsbókasafnið var leyst úr langvinnum örðugleikum við að setja myndir af handritum SÁM inn á vefinn handrit.is. Á árinu voru birtar þar myndir af rúmlega 30 handritum stofnunarinnar. Sérstaklega var lögð áhersla á að birta handrit Njálu og úrval af elstu handritum safnsins. Stofnunin hafði einnig milligöngu um að birta á handrit.is myndir af handritum sem varðveitt eru á Den Arnarnagæanske Samling, meðal annars hið forna predikanasafn AM 677 4to. Haukur Þorgeirsson tók við umsjón myndamála af Guðvarði Má Gunnlaugssyni.

Engin handrit í varðveislu stofnunarinnar voru skráð í gagnagrunninn handrit.is vegna fjárskorts og mannekle.

Orðaforði

Stofnunin varðveitir seðlasöfn Orðabókar Háskólans, Ritmálssafn, Talmálssafn og ýmis smærri sérsöfn, auk rafræna gagnasafna sem spröttin eru af þeim og aðgengileg eru til leitar á vefsíðu stofnunarinnar. Stærst þessara safna er Ritmálssafn Orðabókar Háskólans (sjá www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn) sem áætlað er að geymi um 2,5 milljónir notkunardæma um nærfellt 700 þúsund orð sem safnað var úr íslenskum ritum frá tímabilinu 1540 til síðari hluta 20. aldar. Á árinu færði Gunnsteinn Gunnarsson stofnuninni safn veðurorða frá Vestfjörðum sem faðir hans, Gunnar M. Magnúss kennari og rithöfundur, safnaði ásamt skýringum og nefndi „Himinn, hauður og haf, úr veðurmáli milli bjarga, Látrabjargs og Hornbjargs“ (einnig „Milli bjarga“ á eldra stigi). Gunnsteinn afhenti stofnuninni afrit af efninu, bæði á pappír og í rafrænni gerð, ásamt brotum úr dagbókum Gunnars sem varða safnið og söfnunina. Þau sýna að hann hefur unnið að söfnuninni um áratuga skeið og verið í sambandi við Orðabókarnefnd Háskólans sem þá hét. Frumgögnin eru á handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns undir safnúmerinu Lbs 62NF.

Gagnagrunnur með rafrænum gögnum úr Ritmálssafni er orðinn gamall og þarfnast endurnýjunar til að greiða fyrir aðgangi að efniviðnum og frekari þróun safnsins. Á árinu var send styrkumsókn í Innviðasjóð RANNÍS til endurbóta á gagnasafninu en styrkur fékkst ekki að þessu sinni.

Íslenskt textasafn

Íslenskt textasafn geymir rafræna texta frá ýmsum tímum en einkum frá síðustu áratugum. Safnið stækkaði nokkuð á árinu. Þar munar mest um nokkur mikilvæg rit eftir Þórberg Þórðarson sem bættust við safnið en þau eru: *Ævisaga Árna prófests Þórarinssonar*, *Ljóri sálar minnar*, *Frásagnir og Ýmislegar ritgerðir I-II*. Auk þess bættist við skáldsagan *Hreiðrið* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson og nokkrir aðrir textar. Viðbótin nemur um 1,1 milljón orða og nú er safnið í heild um 93 milljónir lesmálorða.

Iðorð

Á árinu voru *Orðasafn í tómsundafræðum*, *Orðasafn í menntunarfræðum*, *Orðasafn í hannyrðum* (þrjón) og *Tungumálaheiti* færð inn í Iðorðabankann og unnið var að endurbótum og viðbótum við fleiri iðorðasöfn, t.a.m. *Iðorðasafn lækna*, *Plöntuheiti*, *Raftækni-orðasafn*, *Orðasafn um byggingarlist*, *Orðasafn um myndlist*, *Orðasafn um þölvhönnun* (hluti af *Orðasafni í byggingarverkfræði*) og *Orðasafn í atferlisfræði*.

Örnefni

Nafnfræðisvið Árnastofnunar er aðili að gagnasafninu Sarpi (www.sarpur.is) sem er í sameign nokkurra safna á Íslandi, þar á meðal Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafns Reykjavíkur, ýmissa minja- og byggðasafna víðs vegar um landið, listasafna o.fl. Talsvert efni er þegar komið í gagnasafnið úr Örnefnasafni Árnastofnunar og aukinn kraftur verður settur í það starf á næstu misserum. Nú þegar er meginhluti örnefnaskráa í Örnefnasafni aðgengilegur á rafrænu formi sem pdf-skjöl og vonir standa til að innan fárra ára verði hægt að leita í flestum örnefnaskráum í gagnagrunninum Sarpi.

Þjóðfræði

Guðrún Ágústsdóttir þjóðfræðinemi tók viðtöl við Sveinbjörn Ingimundarson kvæða- og sagnamann. Fjöla María Jónsdóttir þjóðfræðinemi afhenti safninu viðtöl sem hún tók um bakpokaferðir í tengslum við verkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði

monastri foyal exiret. & ut nullis scilicet
 rui cuentibus uel cuius int' eēt. & ad
 generale eccliu. nuqua n magna ne
 cessitate coact' ueniret. hui' omib' n
 caute abstinet pfectissim' mundi e
 ceptor. sua castissima cōsolatione aliq
 ton cū maculari posse putabat. Illo
 u tpr q i generale ecclio de eligendo
 epō tētandū erat. qñ adō uocatus
 thelac' ppt' qndā ut sibi uidebat' ne
 cessaria causā ad cōsolationē uen. ubiq
 qd sibi immet' penit' ignorans mane
 cep. Ad exhortationē g' klomgi epi
 dui de electionē pfulis tractatū est.
 nec tam ind aliqd certi diffiniri potuit.
 Tandē t' uiri noiat' sē. ex qb' unū eli u.
 gendi sepe dicto epō optio data ē.
 ut quē ille nomineten' pset. hui' elec
 tioi' oī cōsentirent. Vñ ex his t' abbas
 thelac' erat. c' i electioni' ppt' honestā
 uite illi cōsolationē omī bene assen
 ciebant. obieciebat' tam ei ab aliqb' qd
 hō ualde tacit' eēt. & idō n satis notā
 eē alius p'rudenciā ul' eloq'ntiā affir
 mahant. Ad hec t' hulus u' prudenciā

Á árinu voru birtar myndir af rúmlega 30 handritum á www.handrit.is. Ein þeirra sýnir hluta af Þorláks sögu helga á latínu í AM 386 II 4to sem tímasett er til fyrri hluta 13. aldar.

námsmanna. Safnið tók við viðtölum nemenda í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða. Rósa Þorsteinsdóttir hitti Ásu Ketilsdóttur einu sinni á árinu og hélt áfram að hljóðrita ævintýri hennar og sögur. Kvæðamannafélagið lðunn afhenti segulbands-spólur, snældur, mini-diska og tölvudiska sem fundist höfðu við tiltekt í gögnum félagsins. Björn H. Björnsson afhenti 29 hljóðsnældur og Sveinn Einarsson þrjár hljómplötur sem virðast innihalda upptökur sem faðir hans, Einar Ól. Sveinsson, og Seamus O'Duillearga hafa gert á Írlandi árið 1944.

Haldið var áfram afritun og skráningu á eldra efni og ýmsum leiðréttingum og lagfæringum á Ísmús (www.ismus.is). Mest munaði um vinnu Ólafar Önnu Jóhannsdóttur þjóðfræðinema sem í tengslum við námsverkefni sitt skráði viðtöl Hjalta Pálssonar við þrjá Skagfirðinga og gerði þau aðgengileg á Ísmús. Hún hóf einnig undirbúningu að skráningu á upptökum Eddu Kristjánsdóttur sem hljóðritaðar voru fyrir aldamótin síðustu.



RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Á stofnuninni eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á sviði handrita- og textafræði, bókmennta, sögu, málfræði, orðfræði, nafnfræði og málrættar, iðulega á grunni verðmætra rannsóknargagna sem stofnunin varðveitir.

Rannsóknarbókasafn

Fjöldi innlendra fræðimanna, kennara og stúdenta, auk starfsmanna, notfærði sér hið öfluga og sívaxandi rannsóknarbókasafn stofnunarinnar á sviði íslenskra fræða. Mikil eftirspurn er eftir vinnuáðstöðu á lessölum stofnunarinnar, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum og doktorsnemum.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgít Baldwin, og getur því ætíð keypt mikilvægar bækur og fylgst vel með á fræðasviðinu.

Um áramótin voru 43.998 bækur, kort og tónlistarefni skráð í bókasafni stofnunarinnar. Ritauki skráður á árinu var 849 titlar, að miklum hluta bókgjafir og skráning á eldri gjöfum. Keypt voru um 269 eintök bóka en auk þess kaupir safnið fjölda íslenskra og erlendra tímarita á fræðasviðinu.

Safninu barst fjöldi bókgjafa frá vinum og velunnurum. Sigurður Pétursson gaf bókasafni stofnunarinnar um 500

bækur á sviði grísku og latínu. Smáblaðasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, sem börn hans ákváðu fyrir tveimur árum að gefa stofnuninni, kom í árslok. Í því eru blöð og tímarit sem voru gefin út í fáum eintökum. Erfingjar Wilhelms Friese gáfu 32 bækur úr safni hans.

Meðal bókgjafa voru nokkrar gamlar og verðmætar bækur: Ásbjörn G. Baldursson gaf safninu Bibliú útg. 1866, Hugvekjur... pr. 1864 og Prjedikanir pr. 1885 eftir Pétur Pétursson úr búi foreldra sinna, Önnu V. Einarsdóttur og Baldurs Helgasonar. Áslaug R. Johnson gaf Letters from High Latitudes útg. 1857 sem komin er frá Norður-Dakota. Kristjana G. Eypórsdóttir gaf safninu tvær Passíusálmaútgáfur frá 1735 og 1748. Systkinin Breki Már, Hrefna Dís og Dana Lind Lúthersbörn gáfu rit eftir Flavius Josephus pr. 1611, Examen philologicum eftir Neuhusius Reinerus pr. 1654 og Paris mysterier 1847-49 úr dánarbúi Önnu Friðriksdóttur. Vigdís Finnbogadóttir gaf Vidalínspostillu útg. 1776-1777. Steinþór Steingrímsson færði safninu tvær fornar bækur úr fórum afa síns, sr. Arngríms Jónssonar, frá börnum hans, Hafliða, Kristínu og Snæbirni, Opera quae adhuc reperiri potuerunt omnia ... eftir Tertullianus pr. 1597 og Ta heuriskomena hapanta eftir Ignatius pr. 1623.

Útgáfur á árinu

Handritasyrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013

kom út á árinu og hefur að geyma 17 greinar eftir jafnmarga fræðimenn. Í bókinni eru greinar eftir vini og samstarfsmenn Sigurgeirs sem allar fjalla um handrit á einn eða annan hátt. Ritstjóri er Rósa Þorsteinsdóttir en með henni í ritnefnd voru Guðvarður Már Gunnlaugsson og Margrét Eggertsdóttir.

Hallgrímskver. Ljóð og laust mál

Hallgrímskver. Ljóð og laust mál er úrval verka sr. Hallgríms Péturssonar (1614–1674). Bókin er byggð á fræðilegri útgáfu sem unnið hefur verið að undanfarna áratugi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í bókinni er reynt að gefa sýnishorn af öllu því helsta sem eftir Hallgrím liggur, bæði andlegum kvæðum og veraldlegum, rímum og ritum í lausu máli. Á eftir hverjum texta er stutt umfjöllun þar sem bæði er leitast við að skýra um hvers konar texta er að ræða og hvar og hvernig hann sé varðveittur, hvort hann hafi verið sunginn og þá við hvaða lag. Einnig er getið um lög sem nýlega hafa verið samin við texta Hallgríms. Margrét Eggertsdóttir sá um útgáfuna og samdi inngang bókarinnar og áður nefnda umfjöllun um textana. Forlagið gefur bókina út.

Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum

er greinasafn með ellefu greinum um valin íslensk handrit. Árið 2009 var handritasafn Árna Magnússonar, sem varðveitt er sameiginlega í Reykjavík og Kaupmannahöfn, tekið upp í varðveisluskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, Minni heimsins, og efndi stofnunin af því tilefni til þeirrar fyrirlestraraðar um handritin sem hér kemur út á bók undir nafninu *Góssið hans Árna*. Í bókinni er fjallað um skinnbækur frá miðöldum en líka yngri handrit sem fræðimaðurinn Árni Magnússon safnaði að sér með elju og ákafa allt frá unga aldri. Ritstjóri er Jóhanna Katrín Friðriksdóttir en Sóley Stefánsdóttir hannaði bókina. Forlagið gefur bókina út.

Eddukvæði

Eddukvæði I-II er ný og vönduð útgáfa Jónasar Kristjánssonar og Vésteins Ólasonar á 36 eddukvæðum með inngangi



og skýringum. Hið íslenska fornritafélag gefur bækurnar út og ritstjóri er Þórður Ingi Guðjónsson. Texti kvæðanna er birtur orði til orðs eins og hann er í handritum en stafsetning samræmd með þeim hætti sem tíðkast í útgáfum félagsins. Hverri vísu fylgja rækilegar skýringar og í yfirgripsmiklum formála er gerð grein fyrir efni kvæðanna og einkennum. Útgefendurnir, Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason, voru samanlagt í röska þrjá áratugi forstöðumenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Gripla

Gripla 25 kom út á árinu og hefur að geyma átta fræðigreinar auk samtínings: Fjallað er um hugmyndafræði *Egils sögu Skalla-Grimssonar*, heimildir um beinafærslu og skrinlagningu Guðmundar góða biskups, handrit með íslenskum annálum ásamt öðru efni og tengslum þess við fornfræðinginn Ole Worm, uppskriftir af *Arinbjarnarkviðu* frá sautjándu öld og handritið AM 152 fol. þar sem þemu og hugmyndafræði sagnanna, sem í því er að finna, eru greind. Þá eru í ritinu þrjár útgáfur ásamt skýringum: *Heimsósómi* í dróttkvæðum hætti, ritgerð um dauðasyndirnar sjö og jólasálmurinn *Hljómi raustin barna best*, latneskur sálmur sem Hallgrímur Pétursson bætti allnokkrum erindum við, og ítarleg umfjöllun um hann. Gripla hefur nú verið skráð í gagnagrunninn Arts and Humanities Citation Index sem tekinn er saman hjá Thomson Reuters og er í efsta stigaflokki innan matskerfis Háskóla Íslands. Ritstjórar Griplu eru Jóhanna Katrín Friðriksdóttir og Viðar Pálsson.

Orð og tunga

Orð og tunga 16 kom út í maí. Þemað að þessu sinni var „Málstöðlun: Tilurð, viðhald og endurnýjun staðalmálsins“ og birtast fjórar greinar undir þeirri yfirskrift. Þær eiga allar rætur að rekja til erinda sem haldin voru í málstofunni „Foundations of Language Standardization“ (Grundvöllur málstöðlunar) á 25. norrænu málvísindaráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík vorið 2013 og fjalla tvær þeirra um íslensku en tvær um önnur evrópsk málsamfélög. Auk þemagreinaanna eru í heftinu þrjár greinar um önnur efni ásamt fréttum um nýleg rit og ráðstefnur. Ásta Svavarsdóttir hefur verið ritstjóri tímaritsins um nokkurra ára skeið og ritstýrði þessu hefti en Ari Páll Kristinsson tók við ritstjórninni í maí og hóf þá undirbúning 17. heftis.



Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum

Á árinu komu út nokkur rit sem spruttu af rannsóknarverkefninu *Staða tungumála í háskólakennslu og rannsóknum* (2011–2013). Hluti þess verkefnis laut að því hvernig íslensk málhugmyndafræði birtist í orðræðu, stefnumótun og framkvæmd að því er varðar val á tungumáli kennslu og rannsókna á háskólastigi á Íslandi (sjá ritaskrá Ara Páls Kristinssonar 2014). Hinn meginþáttur þessa verkefnis fólst í starfi norræna rannsóknarnetsins Netværk for parallelsproglige mål på Nordens internationaliserede universiteter. Ari Páll Kristinsson sat í stjórn rannsóknarnetsins en auk hans tóku þátt í því af Íslands hálfu Haraldur Bernharðsson og Ástráður Eysteinnsson. Það naut styrks úr Nordplus-áætluninni. Starfi þess lauk snemma árs með útkomu bókarinnar *Hvor parallelt. Om parallelspråkighet på Nordens universitet*.

Tungumálaheiti. Íðorðasafn. Íslenskt-enskt.

Enskt-íslenskt

Rafræn skrá um tungumálaheiti, 1. útgáfa, kom út, í Íðorðabanka Árnastofnunar. Skráin hefur í fyrstu að geyma íslenskt heiti (íslenskan rithátt) og enskt heiti (enskan rithátt) ríflega 200 tungumála, upplýsingar um heimkynni hvers tungumáls og þriggja bókstafa kóða þess skv. staðlinum ISO 639-3. Í skránni eru öll mál sem teljast opinber mál í einhverju ríki eða ríkjum, auk allmargra annarra tungumála, m.a. velflestra hefðbundinna minnihlutamála í Evrópu. Fleiri tungumálum verður bætt við síðar. Höfundur er Ari Páll Kristinsson.

Rannsóknarverkefni

Breytileiki Njáls sögu

Markmið verkefnisins er tvíþætt: Annars vegar að leiða fram margvíslegan breytileika Njáls sögu eins og hann birtist í handritum sögunnar og stöðjast þar við fjölfaglega rannsóknarnálgun og nýjar aðferðir í textafræði. Hins vegar að mynda, með uppskriftum handrita og kóðun texta þeirra, grunn að nýrri útgáfu sögunnar og upplýsingaveitu um handrit hennar. Nú liggja fyrir uppskriftir allra elstu handritsbrotta Njáls sögu,

ásamt samsvarandi texta elstu heillegra handrita. Í tengslum við verkefnið hafa verið teknar nýjar stafrænar myndir af þessum handritum sem smám saman verða aðgengilegar á vefnum handrit.is. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í ellefu greinum sem væntanlegar eru í greinasafni sem Svanhildur Óskarsdóttir og Emily Lethbridge ritstýra en verkefnið hefur einnig borið ávöxt í sex námsritgerðum. Auk þess hefur nú verið hafist handa við lýsandi heimildaskrá Njáls sögu á vefnum wikisaga.hi.is en það verkefni er samvinnuverkefni stofnunarinnar og Háskóla Íslands. Að verkefninu hefur verið unnið með tilstyrk Rannsóknasjóðs (RANNÍS) og Rannsóknasjóðs HÍ og í samvinnu sérfræðinga stofnunarinnar, vísindamanna og stúdenta Háskóla Íslands, Nordisk forskningsinstitut við Kaupmannahafnarháskóla, Leeds University og University of Wisconsin, Madison. Áfram verður unnið að rannsóknum á Njáluhandritum og áhersla í næsta áfanga lögð á eftirrit hinar glötuðu skinnbókar Gullskinnu. Til þess hefur fengist styrkur úr Rannsóknasjóði og er Ludger Zeevaert verkefnisstjóri.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Áfram er unnið að fimmta bindinu í heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar. Styrkur fékkst frá ríkisstjórn Íslands vegna 400 ára afmælis Hallgríms Péturssonar til að ráða Karl Óskar Ólafsson MA til starfa í tvo mánuði vegna útgáfunnar. Um útgáfuna sér Margrét Eggertsdóttir.

Bænaþókk

Útgáfu og umfjöllun um íslenskar bænar fram um 1600 er nú lokið og mun væntanlega birtast á prenti innan skamms. Verkefnisstjóri er Svavar Sigmundsson.

Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum: Greining, samhengi, dreifing

2014 var lokaár rannsóknarverkefnis um kvæðabók séra Ólafs Jónssonar á Söndum (1560–1627). Ólafur var afkastamikill skáld og í mörgum uppskriftum kvæðabókar hans er einnig

Verkfræðinemar í HÍ læra um burðarþol mannvirkja undir leiðsögn Bjarna Bessasonar prófessors. Öll kennslan í námskeiðinu fer fram á vönduðu íslensku tæknimáli. Hér er verið að prófa álag á brúarlíkön sem stúdentar hafa smíðað sjálfir. Hugtakið brúarbrót táknað að brú er brotin og þannig er ákvarðað hvaða álag hún þolir.

að finna nótur að samtals riflega 50 kvæðum hans. Markmið verkefnisins er heildarúttekt á kvæðabókinni, bókmenntalegu og tónlistarlegu samhengi hennar og dreifingu kvæða og laga í handritum á 17. og 18. öld. Ráðstefnan „Sr. Ólafur á Söndum í tali og tónum“ var haldin á Þingeyri við Dýrafjörð 13. september. Þar voru flutt erindi um kveðskap Ólafs og tónlistina við hann auk þess sem sönghópur frá Þingeyri flutti nokkur lög og Elfar Logi Hannesson sagði frá og las upp úr leikriti sínu um Ólaf. Vonast er til þess að útgáfa kvæðabókarinnar ásamt nótum og skýringum komi út á næstu misserum. Verkefnisstjóri er Árni Heimir Ingólfsson. Aðrir starfsmenn eru Margrét Eggertsdóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eyþórsdóttir, Johnny Finnsson Lindholm og Þórunn Sigurðardóttir.

Prentsmiðja fólksins

er samstarfsverkefni stofnunarinnar, Reykjavíkurakademíunnar og Den arnamagnænske samling í Kaupmannahöfn sem styrkt er af Rannsóknasjóði. Verkefnisstjóri er Matthew Driscoll.

Sturlunga saga


Unnið er að athugun á öllum handritum sögunnar og uppskrift texta. Um leið er unnið að ritun inngangs og skýringa. Um verkið sér Guðrún Ása Grímsdóttir.

Kveðskapur tíu íslenskra kvæðamanna

Rósa Þorsteinsdóttir vinnur að undirbúningi á útgáfu á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem hljóðritaðar voru af Hallfreði Erni Eiríkssyni og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling á 7. áratug síðustu aldar.

Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals

Markmið verkefnisins er einkum að skoða samspil málpróunar og málsamfélags og hvernig tilurð opinbers málstaðals mótask af innri og ytri aðstæðum, m.a. þeim viðhorfum sem uppi eru í samfélaginu. Áhersla er lögð á að skoða máltilbrigði og dreifingu þeirra með tilliti til málfræðilegra og málfélagslegra þátta í ljósi vaxandi málstöðlunar á tímabilinu (sjá vefsíðu verkefnisins: www.arnastofnun.is/page/LCLV19). Rannsóknirnar styðjast við tvö megingagnasöfn með textum frá 19. öld, annars vegar einkabréfum og hins vegar blaða- og



tímaritatextum, og liður í verkefninu er að vinna að uppbyggingu þeirra og frágangi. Blaðasafnið byggist á samvinnu við Landsbókasafn-Háskólabókasafn og ýmis verkefni á orðfræðisviði stofnunarinnar og er stefnt að því að koma upp markaðri málheild með 19. aldar textum.

Rannsóknarhópurinn sem stendur að verkefninu er skipaður málfræðingum við stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel. Heimir Freyr van der Feest Viðarsson vinnur að doktorsritgerð um setningafræðileg tilbrigði innan vébanda verkefnisins og Atli Jóhannsson vann að MA-ritgerð um málstöðlun eins og hún birtist í skólamálfraði og kennslubókum. Á árinu var skilað tveimur lokaritgerðum við Háskóla Íslands sem tengjast verkefninu: Kristján Friðbjörn Sigurðsson skrifaði MA-ritgerð um hljóðbreytingar og Alda B. Möller skrifaði BA-ritgerð um íslenskukennslu á fyrri helmingi 19. aldar. Bæði verkefni voru unnin undir handleiðslu Haraldar Bernharðssonar. Auk þess vann hópur stúdenta við úrvinnslu og frágang gagna og aðstoðaði við rannsóknir um sumarið: Elísabet Rún Þorsteinsdóttir, Guðrún Linberg Guðjónsdóttir, Jóhann Turchi, Kristján Friðbjörn Sigurðsson, Steinunn Friðbjörnsdóttir og Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir.

Verkefnið naut styrks úr Rannsóknasjóði þriðja árið í röð og einstakir verkþættir hafa verið styrktir af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og átaksverkefni Vinnumálastofnunar auk þess sem Sáttmálasjóður hefur veitt ferðastyrki. Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir en auk hennar eru Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson fulltrúar stofnunarinnar í rannsóknarhópnum.

Stafsetning á 19. öld

Gunnlaugur Ingólfsson vann við rannsóknir á stafsetningarumræðu á 19. öld og að útgáfu nokkurra greina frá þeim tíma um stafsetningu. Um er að ræða stafsetningarþátt í Fjölni 1836 og framhald hans, enn fremur greinar og ádrepur í tímaritum, svo og tvær ítarlegar áður óbirtar ritgerðir eftir Sveinbjörn Egilsson.

Mörkuð íslensk málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) hefur að geyma um 25 milljónir orða af fjölbreyttum textum. Orð í textunum eru greind málfræðilega og hverjum texta fylgja bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Málheildin er ætluð fyrir málrannsóknir og til notkunar í máltækniverkefnum. Málheildin er aðgengileg til leitar (mim.arnastofnun.is) og einnig má sækja texta málheildarinnar í sérstöku xml-sniði af vefsetrinu malfong.is. Á málheildarsíðunni má einnig leita í textum *Íslenskrar orðtíðnibókar* og safni texta úr fornritum. Umsjónarmaður málheildarinnar er Sigrún Helgadóttir.

Gullstaðall – staðalmálheild fyrir þjálfun markara

Frá árinu 2009 hefur verið unnið að því að setja saman svokallaða staðalmálheild. Staðalmálheildir eru markaðar með tilliti til tiltekinna eiginleika og eru notaðar til þess að þjálfar og þróa máltæknieiningar eins og markara. Mörkunin þarf að vera nánast 100% rétt. Sú málheild sem hingað til hefur verið notuð til að þróa íslenska markara er *Íslensk orðtíðnibók* en hún er heldur lítil (um 590 þúsund lesmálsorð) og textarnir sem hún byggist á of einsleitir og þess vegna var ráðist í gerð nýrrar staðalmálheildar.

Í nýju málheildinni er um ein milljón lesmálsorða. Textarnir voru valdir úr 13 flokkum af 23 textaflokkum í *Markaðri íslenskrar málheild*. Þeir voru hreinsaðir og markaðir. Mörkin voru síðan leiðrétt handvirk og með hálfjálfráttum aðferðum. Síðustu umferð lauk á árinu 2014 og eftir þá leiðréttingu var nákvæmni

mörkunar metin yfir 99%. Verkefnið var unnið af Steinunni Valbjörnsdóttur og Brynhildi Stefánsdóttur. Umsjónarmenn voru Eiríkur Rögnvaldsson og Sigrún Helgadóttir.

Málrómur

Sumarið 2014 vann Ingólfur Eiríksson við það á orðfræðisviði að fara yfir raddsýni sem safnað hafði verið í samstarfi við Google og athuga hvort samræmi væri á milli textans sem átti að lesa og þess sem lesið var. Farið var yfir um 57 þúsund skrár (setningar) af 120 þúsund sem eru í gagnasafninu og verða þær gerðar aðgengilegar á vefsetrinu malfong.is.

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brenni-depli. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til *Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun* og til gagnasafna sem á sínum tíma urðu til á Orðabók Háskólans. Á síðari stigum hefur efnið verið aukið verulega með því að afla fanga í tölvutækum textasöfnum og greina orðanotkun þar. Á árinu var lokið við heildaryfirferð á flokkun hugtaka sem nær til hartnær 5.000 hugtakaheita. Áfram var unnið að efnisöflun úr textasöfnum sem að mestu beindist að hliðskipuðum samböndum, en greining þeirra gegnir mikilvægu hlutverki við mat á merkingarlegum skyldleika meðal orða og orðasambanda. Afrakstur þessa kemur fram á vefsíðunni www.ordanet.is með nýju efni og endurbættri greiningu.

Á árinu hófst vinna við gerð nýrrar vefsíðu. Stefán Ólafsson máltækninemi annaðist verkið. Umsjón með orðanetinu hefur Jón Hilmar Jónsson.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er safn beygingardæma á tölvutæku formi sem er grunnur að ýmiss konar máltækniverkefnum en jafnframt er efnið birt á vef (<http://bin.arnastofnun.is>). Í lok árs 2014 voru u.þ.b. 280 þúsund beygingardæmi í BÍN. Ritstjóri beygingarlýsingarinnar er Kristín Bjarnadóttir.

ISLEX-orðabókin

ISLEX er veforðabók milli íslensku og annarra norrænna mála sem unnin hefur verið í samvinnu stofnunarinnar og háskóla- og rannsóknarstofnana annars staðar á Norðurlöndum.



Veforðabók milli íslensku og dönsku, norsku og sænsku hefur verið öllum aðgengileg um nokkurt skeið og nú er unnið að því að bæta færeysku og finnsku við. Haldinn var ritstjórnarfundur í Helsinki í október með þátttakendum frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Færeyjum og Finnlandi. Í árslok var búið að þýða 77% orðaforðans á færeysku og 36% á finnsku. Stöðugt var unnið að uppfærslum, viðbótum og lagfæringum á orðabókinni á árinu. Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri ISLEX en Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri og kerfisstjóri.

Íslensk orðabók

KATA er vinnuheiti á nýrri íslenskrri einsmálsorðabók sem byggist á efniviðnum í ISLEX. Vinnan við verkið er vel á veg komin og er ráðgert að eiga samstarf við Forlagið hf. um útgáfu orðabókarinnar. Ritstjórar hennar eru Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir.

Íslensk-frönsk orðabók

Sendiráð Frakklands á Íslandi, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum undirrituðu samkomulag um undirbúning að nýrri íslensk-frönskrri orðabók. Samningurinn var undirritaður í mars. Undirbúningsverkefnið hlaut styrk frá franska þinginu en orðabókin byggist á efniviðnum í ISLEX og hefur hlotið vinnuheitið LEXÍA. Starfsmenn verkefnisins voru Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi við HÍ og Sorbonne-

háskóla, og Maxence Dupuis, meistaraneimi við Sorbonne-háskóla. Halldóra Jónsdóttir er verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri og kerfisstjóri.

Málfarsbankinn

Í Málfarsbankanum er hægt að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman. Alls er þar að finna um 8.000 flettugreinar (málfarsábendingar og úrlausnir). Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson.

Stafsetningarorðabókin

Rafræn gerð *Stafsetningarorðabókarinnar* (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á vefnum Snara.is. Framtíðarþróun orðabókarinnar var ekki möguleg í gömlum gagnagrunni Stafsetningarorðabókarinnar og hefur það tafið endurskoðun hennar. Jóhannes B. Sigtryggsson málfræðingur og Steinþór Steingrímsson tölvufræðingur stofnunarinnar hönnuðu nýjan grunn og kerfislýsingu sem lauk að mestu haustið 2014. Stefnt er að því að opna nýja leitar síðu fyrir Stafsetningarorðabókina 2016. Á nýju síðunni verður nánari samþætting Stafsetningarorðabókarinnar við ritreglur Málnefndarinnar en áður hefur verið möguleg. Í tengslum við endurskoðunina hefur ritnefndin ákveðið að hætta að gefa Stafsetningarorðabókina út á prenti. Hugsanlega verður hins vegar gefin út minni útgáfa bókarinnar fyrir skóla sem myndi leysa af hólmi *Réttritunarorðabókina* frá 1989. Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson.



Púfuganga á fyrsta degi alþjóðlega sumarnámskeiðsins í íslensku máli og menningu 2014.

MIÐLUN OG KENNSLA

Mikið er leitað til stofnunarinnar með spurningar um málfar, íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði. Starfsmenn halda fyrirlestra og námskeið heima og erlendis og svara fyrirspurnum sem berast símleiðis, í tölvupósti eða um heimasíðu.

Málrækt

Málræktarsvið svarar u.þ.b. 1.500 fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Skriflegu spurningarnar berast einkum gegnum netföngin malfarsradgjof@hi.is, arnastofnun@hi.is, netföng einstakra starfsmanna eða um veffangið arnastofnun.is.

Málræktarsvið heldur úti Málfarsbankanum á vef stofnunarinnar, ásamt fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggjum, m.a. um stafsetningu, stafróf og stafrófsröð, beygingu, ritreglur, umritunarreglur, ríkjaheiti og margt annað. Opinn og ókeypis aðgangur er að *Stafsetningarorðabókinni*.

Sumarskóli í íslensku

Sumarið 2014 skipulagði stofnunin fjögur námskeið í íslensku í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri en Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sá um skipulagninguna og Ana Stanicevic var aðstoðarmaður.

Nordkurs

Norrænt sumarnámskeið í íslensku var haldið í Háskóla Íslands dagana 9. júní – 4. júlí. Þátttakendur voru 31. Íslensku-tímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Sex vikna námskeið í íslensku fyrir 13 stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota var haldið dagana 27. maí – 4. júlí. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík.

Úr afmælisveislu Geomar M. Mamailao í Garðabæ. Frá vinstri: Melanie Mamailao frænka, Sarah Mamailao frænka, Ragna Mamailao frænka, Bjarni Þór Gomez vinur, Geomar, Gehanara M. Orbon systir, Gemma Theresa M. Orbon móðir og Louie Luzano. Myndin er úr söfnunarverkefni Lorna Quiamco Leona. Lorna skoðaði siði og venjur fólks frá Filippseyjum sem á nú heima á Íslandi.



Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 7. júlí – 1. ágúst var haldið fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í íslensku máli og menningu. Þátttakendur voru 32 frá 12 löndum og komust mun færri að en vildu.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmenni af íslenskum ættum á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 16.–26. júní.

Icelandic Online

Siðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið Icelandic Online 1 með góðum árangri. Þetta var síðar einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. En nú hafa forkröfurnar verið auknar og þurfa nemarnir, sem hyggjast hefja BA-nám í íslensku sem öðru máli, að hafa lokið jafngildi Icelandic Online 2. Skráðir notendur Icelandic Online-námskeiðanna eru nú um 150.000, þar af eru 40.000 virkir. Notendurnir eru víða í heiminum. Slóðin er: www.icelandiconline.is. Unnið er að því að aðlaga námskeiðin til notkunar í snjallsímum og spjaldtölvum. Daniel Páll Jóhannesson og Össur Ingi Jónsson, nemandur í tölunarfræðum, voru ráðnir sumarstarfsmenn við verkefnið. Vinnu-málastofnun styrkti störf þeirra. Verkefnið Icelandic Online fékk sérstaka viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis í tilefni af degi íslenskrar tungu, 16. nóvember.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 6.–14. ágúst var 11. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Kaupmannahöfn. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, og

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samvinnu við háskólana í Tübingen, Zürich, Cambridge og Leeds, auk Háskóla Íslands. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum löndum. Leiðbeinendur á skólanum af hálfu stofnunarinnar voru að þessu sinni Guðvarður Már Gunnlaugsson, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir en Guðrún Þórhallsdóttir og Haraldur Bernharðsson af hálfu HÍ.

Kennsla við Háskóla Íslands

Starfsmenn kenna jafnan námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Ásta Svavarsdóttir og Jón Hilmar Jónsson voru gestakennarar í námskeiðunum *Málfræðirannsóknir* og *Íslensk textaföng*. Halldóra Jónsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórdís Úlfarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir voru einnig gestafyrirlesarar í *Íslensk textaföng*. Kristín var auk þess gestur í námskeiði fyrir ritlistarnema og í námskeiði um orðabókargerð hjá spænskunemum. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið *Íðorðafraeði* og var gestakennari í námskeiðinu *Íslensk textaföng*. Jóhannes B. Sigtryggsson og Emily Lethbridge kenndu námskeiðið *Working with manuscripts*. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið við þjóðfræðadeildina og Margrét Valmundsdóttir var aðstoðarkennari í námskeiðinu *Landfræðileg upplýsingakerfi 1*. Á hverju hausti koma nemandur frá háskólum í heimsókn á stofnunina. Fyrsta árs nemandur við Háskóla Íslands í íslensku og þjóðfræði, nemandur sem stunda norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum og nemandur í guðfræði komu í slíkar kynningarheimsóknir sem og tónlistarnemar við Listaháskóla Íslands.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Helga Kress, prófessor emeritus, Háskóla Íslands, opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn nefndist „Um Njálu: Leikhús líkamans“. Um 120 manns sóttu fyrirlesturinn.



Ted Andersson flytur erindi á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var 27.–29. nóvember til heiðurs Sturlu Þórðarsyni sagnaritara.

Öll málföngin á síðunni eru einnig skráð í sameiginlegan evrópskan gagnabanka, www.meta-share.eu. Þar er einnig aðgengileg skýrslan *Íslensk tunga á stafrænni öld* sem var skrifuð í tengslum við META-NORD-verkefnið. Á árinu 2014 var bætt við gögnum um skiptingu orða milli lína sem voru unnin af Baldri Jónssyni prófessor og samstarfsmönnum hans í Íslenskri málstöð á 9. áratug 20. aldar. Umsjónarmaður vefsetursins er Sigrún Helgadóttir.

Árna Magnússonar fyrirlestur

Á fæðingardegi Árna Magnússonar handritasafnara 13. nóvember flutti Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknar-dósent erindi í Þjóðminjasafni sem hann nefndi „Fjögur handrit og frimerki“. Í tilefni af 350 ára afmæli Árna gaf Íslandspóstur út fjögur frimerki með myndum af handritum og fjallaði Guðvarður í fyrirlestrinum um þau og almennt um íslensk miðaldahandrit.

Sr. Hallgrímur og Hólar í 400 ár

Málþingið Hallgrímur og Hólar í 400 ár var haldið á Hólum í Hjaltadal 28.–30. mars í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu sr. Hallgríms Péturssonar (1614–1674).

Flutt voru sjö erindi sem tengdust sálmaskáldinu og efninu handrita- og prentmenning á Íslandi. Ráðstefnan var á vegum Guðbrandsstofnunar og Árnastofnunar og lauk með guðspjónustu í Hóladómkirkju sem sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir vigslubiskup hafði umsjón með.

Hallgrímshátíð

Hallgrímshátíð var haldin í Hallgrímskirkju dagana 24.–31. október í tilefni af 400 ára afmæli skáldsins. Dagskráin var fjölbreytt með opnun myndlistarsýningar, tónleikum, ljóðalestri og fleiru. Haldið var málþing undir yfirskriftinni *Hver var Hallgrímur?* Þar fluttu erindi Margrét Eggertsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórunn Sigurðardóttir en Ingibjörg Eyþórsdóttir stýrði umræðum.

Vefsetur með málföngum fyrir íslensku

Í tengslum við samstarfsverkefnið META-NORD, sem Máltæknisetur tók þátt í fyrir Íslands hönd, var sett upp vefsetrið malfong.is þar sem nálgast má margvísleg málföng sem nýtast í máltækniverkefnum, bæði gagnasöfn og töl.

Ráðstefna um Sturlu Þórðarson

Dagana 27.–29. nóvember var haldin alþjóðleg ráðstefna í Norræna húsinu til heiðurs Sturlu Þórðarsyni (1214–1284), sagnaritara, skáldi og lögsögumanni, en 29. júlí voru 800 ár liðin frá fæðingu hans. Dagskráin var fjölbreytt og fjallað var um rit og skáldskap Sturlu og samtíma hans. Ráðstefnan fór fram á ensku en meðal 20 fyrirlesara voru Roberta Frank, R.I. Moore og Ted Andersson auk þess sem skáldin Gerður Kristný og Matthías Johannessen fluttu ljóð við setningu ráðstefnunnar og Þorsteinn frá Hamri rak smiðshöggjöð með upplestri Hrafnsmála. Um 160 manns sóttu ráðstefnuna. Stefnt er að því að birta erindin í ráðstefnuriti en hlusta má á erindin á vef stofnunarinnar. Að ráðstefnunni stóðu, auk stofnunarinnar, Háskóli Íslands og Óslóarháskóli. Kungl. Gustav Adolfs Akademien för svensk folkkultur, Norsk kulturråd, Clara Lachmanns Fond, Letterstedtska Föreningen og Norræna húsið styrktu ráðstefnuna.

Icelandic Saga Map

Allar Íslendingasögurnar eru kortlagðar í þessu verkefni með því að nota GIS eða landfræðilegt upplýsingakerfi. Efnið er birt á vef, sagamap.hi.is. Öll örnefni í sagnatextunum eru tengd Íslandskortinu þannig að hægt sé að lesa textann og fylgjast með hvar á landinu atburðir gerðust. Einnig má smella á valinn stað á kortinu til að sjá í hvaða sögu eða sögum staðurinn kemur fyrir. Þannig sýnir kortið samspilið á milli landslags og Íslendingasagna. Kortið býður upp á marga möguleika til gagns og gamans fyrir sérfræðinga, nemendur og aðra, er bæði öflugt rannsóknartól og skemmtilegt miðunarviðmót. Emily Lethbridge stýrir verkefninu; Trausti Dagsson, Hjördís Erna Sigurðardóttir og Gísli Pálsson hafa einnig tekið þátt í að þróa gagnagrunninn og vefsíðuna, og að hnitsetja textana. RANNÍS styrkir verkefnið sem hluta af rannsóknarverkefninu „Tími, rými, frásögn og Íslendingasögur“ sem Torfi Tulinius stjórnar í samvinnu við Gísla Sigurðsson og Emily Lethbridge.



Háskólakennarar í íslensku erlendis hittast árlega á lektorafundi sem stofnunin skipuleggur í samráði við kennarana. Á myndunum má sjá nokkra þeirra. Frá vinstri: Bjarni Benedikt Björnsson, Þorsteinn G. Indriðason, Hanna Steinunn Þorleifsdóttir, Katharina Schubert og Anna Helga Hannesdóttir.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Alþjóðlegt samstarf á stofnuninni er margvíslegt og mikilvægt. Starfsmenn eru í miklu rannsóknarsamstarfi við erlenda fræðimenn, kenna á alþjóðlegum námskeiðum, standa fyrir alþjóðlegum ráðstefnum og eru fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálastarfi.

Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstaða stofnunarinnar á alþjóðlega visu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanförunum árum. Ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar dregur það að sér vísindamenn og stúdenta. Á árinu nutu 35 erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

Stofnunin hefur til umráða íbúðir sem leigðar eru til erlendra fræðimanna sem vinna að íslenskum fræðum. Önnur er í Þingholtsstræti en hin í Hvassaleiti en hana fékk stofnunin í arf. Fjórtán fræðimenn dvöldu í íbúðunum á árinu um lengri eða skemmri tíma, hver þeirra þó ekki lengur en þrjá mánuði.

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

Árið 2014 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Voru flestir kennararnir sem sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm

á Norðurlöndum, þrír í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldt-háskóla í Berlín og Manitoba-háskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridge-háskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2013–2014. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Waseda-háskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Lektorafundur

Fertugasti og fyrsti fundur íslenskukennara erlendis var haldinn í Kil í Þýskalandi 30.–31. maí. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu fjórtán kennarar, auk Úlfars Bragasonar frá stofnuninni.

Fjallað var um tungumál og mállýskur í Slésvík-Holtsetalandi, menningarkynningu erlendis og kennslu í íslensku sem öðru og erlendu máli. M.a. komu Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra og Auður Jónsdóttir rithöfundur til fundar við íslenskukennara. Rætt var um íslenskukennslu erlendis og kennarar gerðu grein fyrir störfum sínum skólaárið 2013–2014. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Á hvert sækja á annað þúsund nemandi námskeið í íslensku við háskóla erlendis.

Í tengslum við fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Ályktun um íslenskukennslu við erlenda háskóla var samþykkt og send mennta- og menningarmálaráðherra.

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskólans. Samráðsnefndin fjallar um umsóknir um kennarastöður erlendis og er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum íslenskukennslu við erlenda háskóla.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfaði til ársloka 2013 á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og fékk fjárveitingu þaðan. En þeim fjárveitingum var þá hætt. Samstarf stofnananna mun þó halda áfram og voru reglur þar að lútandi samþykktar 30. október 2014. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992 og var formaður hennar árið 2014. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir varamaður Úlfars í nefndinni. Nefndin kom tvisvar saman til fundar á árinu, í Reykjavík 7. febrúar og í Berlín 30.–31. október.

Nefndin hélt málþing um kennslu Norðurlandamála á Netinu í sambandi við vorkund sinn í Reykjavík og heimsótti Norður-Evrópustofnuna við Humboldt-háskóla í tengslum við haustfundinn í Berlín. Þá úthlutaði nefndin styrkjum til þriggja menningarverkefna við háskóla á þýska málsvæðinu. Vefslóð nefndarinnar: samarbetsnamnden.org.

Nordkurs-nefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Helsinki 19.–20. september. Úlfar Bragason og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sátu fundinn. Úlfar Bragason á sæti í nefndinni fyrir Háskóla Íslands en Háskólinn annast fjármál námskeiðsins.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjú mánuði hið minnsta í því skyni að kynnast sem best íslenskrri tungu, menningu og mannlífi. Auk Úlfars Bragasonar eiga

sæti í úthlutunarnefndinni Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskólans.

Á árinu 2014 nutu þriggja mánaða styrkja hver: Rüstern Ertug Altinay, rithöfundur, þýðandi og bókmenntaritstjóri í Ístanbul í Tyrklandi, til að þýða þrjú leikrit eftir Jóhann Sigurjónsson til útgáfu og sviðsetningar í Tyrklandi; dr. Przemyslaw Czarnecki, lektor við Skandínávsku deildina við Adam Mickiewicz-háskólann í Poznan í Póllandi, til að skrifa kennslubók í forníslensku fyrir háskólaforlagið í Poznan; Tapio Koivukari, rithöfundur í Rauma í Finnlandi, til að kynna sér staðhætti og skjöl um galdramál á Vestfjörðum á 17. öld og skrifa sögulega skáldsögu um galdrabrennur í Trékyllisvík á Ströndum.

Stúdentastyrkir

Stofnunin annast umsýslu styrkja mennta- og menningar- málaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 123 gildar umsóknir um styrki fyrir veturinn 2014–2015. Sex nemendur fengu framhaldsstyrk en 10 hlutu styrk til að hefja nám í íslensku sem öðru máli.

European Network of e-Lexicography (EnEL)

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir eru fulltrúar Íslands í COST-verkefninu IS1305. Aðilar að ætluinni eru 29 lönd í Evrópu og er markmið hennar að koma á fót samevr- ópskri orðabókagátt með aðgangi að vönduðum rafrænum orðabókum. Um er að ræða fjögurra ára verkefni sem hófst árið 2013.

NEALT

Sigrún Helgadóttir er í stjórn Northern European Association for Language Technology.

Norrænt félag um orðabókagerð – NFL

NFL er helsti samstarfsvettvangur orðabókafraeðinga á Norðurlöndum. Félagið stendur fyrir ráðstefnu annað hvert ár. Jafnframt gefur félagið út tímaritið *LexicoNordica* og heldur í tengslum við það árlegt málþing um tiltekið efni. Málþingið 2014 var haldið á Lysebu í Osló og fjallaði um stórar orðabækur á Norðurlöndunum. Greinar byggðar á fyrirlestrunum birtust í þemahluta 21. heftis *LexicoNordica* sem kom út síðar á árinu. Þórdís Úlfarsdóttir situr í stjórn félagsins sem fulltrúi Íslands og Ásta Svavarsdóttir í ritstjórn tímaritsins.



Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna íðorðastofnana, og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í íðorðaðfræði (TERMDIST). Ágústa Þorbergsdóttir annast þessi verkefni af hálfu málræktarsviðs. Ágústa er stjórnarformaður Nordterm 2013–2015 og hélt m.a. stjórnarfund í Reykjavík 25. september. Nordtermþingið 2015 verður í Reykjavík 9.–12. júní. Unnið var allt árið af vaxandi þunga að undirbúningi þess. Enn fremur á stofnunin aðild að alþjóðlegu íðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Jóhannes B. Sigtryggsson er norrænn ritari í því samstarfsneti og sótti fundi á þess vegum 25. apríl í Kaupmannahöfn sem og norræna málnefndaðingjð sem var haldið í Stokkhólmi 27.–29. ágúst. Jóhannes situr jafnframt í ritstjórn tímaritsins *Sprog i Norden*. Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson sitja í norrænum vinnuhópi um málskýrð. Ari Páll vann með fleirum í þeim hópi á árinu að gerð umsóknar um norrænan styrk til rannsóknar á viðhorfum almennings á Norðurlöndum til þess hve auðvelt sé að skilja ritaða nytjatexta ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja.

Nafnfræði

Nafnfræðisvið er í nánú sambandi við Norrænu nafnfræðisamtökin, NORNA (www.norna.org). Samtökin standa að funda- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu og fræðilegs samstarfs. Hallgrímur J. Ámundason situr í stjórn samtakanna fyrir hönd Íslands og Guðrún Kvaran er varamaður. Stjórnin fundar að jafnaði tvisvar á ári í einhverju norrænu landanna þar sem útgáfur, ráðstefnur, fundir og þing eru skipulögð.

Erlendir háskólar og fræðimenn

Á alþjóðasviði er haldið utan um gagnabanka um erlenda háskóla þar sem kennd er íslenska, bæði formálið og nútíma-

mál. Upplýsingar um 100 erlenda háskóla sem kenna íslensku eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar (www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_islenska_erlendis). Einnig er haldið utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Í gagnabankann eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn (www.arnastofnun.is/page/fraedimannaskra).

Maths meets myths

nefnist alþjóðlegt og þverfræðilegt rannsóknarverkefni sem tengir saman stærðfræði og goðafræði. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir tekur þátt í verkefninu.

Medioevo Europeo – COST-áætlun á vegum Evrópusambandsins

Stofnunin á aðild að þessari áætlun sem miðar að samvinnu og samræmingu rafrænna gagnasafna á sviði miðaldafræða. Fulltrúi stofnunarinnar er Svanhildur Óskarsdóttir.

MENOTA – Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að þessum textabanka með norrænum miðaldertextum. Fulltrúi stofnunarinnar er Haraldur Bernharðsson.

Víkings- og miðaldafræði

Gisli Sigurðsson er í stjórn norræns meistaranáms í víkings- og miðaldafræðum.

Minnisrannsóknir

Gisli Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlegu verkefni um minnisrannsóknir. Málstofa var haldin í júní í Túnsbergi.

Heildarþýðing Íslendingasagna

Gisli Sigurðsson sat í íslensku ráðgjafaritnefnd heildarþýðingar Íslendingasagna á dönsku, sænsku og norsku, sem kom út á árinu.



SAMSTARF INNANLANDS

Á stofnuninni hefur verið lögð mikil áhersla á góð tengsl við almenning, fyrirtæki og stofnanir innanlands. Söfnun örnefna, þjóðfræða og orðasafna byggist á góðu samstarfi við heimildarmenn víðs vegar um landið og á stofnunin marga vildarvini sem efla hana með þekkingu sinni.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn www.handrit.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Þessir þrjár aðilar starfa einnig saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.

Sýning á verkum Hallgríms Péturssonar

Fimmtudaginn 11. september var opnuð í Þjóðarþóklöðunni sýning í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar. Sýningin er samstarfsverkefni stofnunarinnar og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Um 120 handrit með kveðskap Hallgríms eru á

sýningunni. Þar á meðal eru margar útgáfur af Passíusálmunum, meðal annars eina varðveitta eiginhandarit skáldsins að *Passíusálmunum*, JS 337 4to sem var skrifað árið 1659 og var meðal handrita Jóns Sigurðssonar er voru keypt árið 1877 til Landsbókasafns.

Hið íslenska fornritafélag

Stofnunin er í samstarfi við Hið íslenska fornritafélag sem meðal annars felst í því að ýmsir starfsmenn Árnastofnunar vinna að og hafa unnið að útgáfum á vegum félagsins. Jafnframt hefur ritstjóri Fornritafélagsins vinnuástöðu á Árnastofnun í Árnagarði.

Örnefnanefnd

Stofnunin sér um skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd. Á árinu 2014 bárust nefndinni 20 beiðnir um ný nöfn á býlum. Örnefnanefnd samþykkti 18 nöfn, hafnaði einu vegna öryggissjónarmiða og ein beiðni féll utan við verksvið nefndarinnar. Þá heimilaði nefndin nafnbreytingu á 4 býlum. Af hálfu stofnunarinnar situr Hallgrímur J. Ámundason í Örnefnanefnd.

*Myndin er tekin í örnefnarannsóknarleiðangri í Veiðivötnum.
Vatnið í baksýn heitir Skeifupyttla.*

Formaður nefndarinnar er Þórunn Sigurðardóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir er skipuð af hálfu umhverfisráðuneytis. Margrét Jónsdóttir er tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar.

Landmælingar Íslands

Einn meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni á kortum. Afrakstur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefna-sjá Landmælinga á netinu (atlas.lmi.is/ornefnasja).

Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Málvisindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlutverk setursins er að vera miðstöð íslenskrar máltækni með því m.a. að eiga frumkvæði að og taka þátt í rannsóknum og hagnýtum verkefnum á því sviði, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um máltækni og standa fyrir ráðstefnum, auk þess að reka vefsíðu þar sem miðlað er upplýsingum um íslenska máltækni. Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn setursins er Sigrún Helgadóttir.

Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum er Rósa Þorsteinsdóttir.

Sjónlist í Safnahúsinu

Gísli Sigurðsson er fulltrúi stofnunarinnar í sýningarnefnd vegna nýrrar sýningar um sjónlistir í Safnahúsinu.

Rannsóknarstofa í máltileinkun

Markmiðin með Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnunin á aðild að rannsóknarstofunni og situr Úlfar Bragason í stjórn hennar. Stofan gekkst fyrir málstofum og umræðufundum undir heitinu „Bitabox“.

Stjórn Snorrastofu

Með bréfi dagsettu 20. júlí 2010 var Úlfar Bragason rannsóknarprófessor endurskipaður fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í stjórn Snorrastofu í Reykholti til fjögurra ára, skv. tilnefningu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor varamaður hans. Ný stjórn var skipuð 2014 til fjögurra ára og er nú Margrét Eggertsdóttir aðalmaður og Úlfar Bragason til vara. Stjórnarnefndin hélt þrjá fundi á árinu.

Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál. Ari Páll Kristinsson er varaformaður málnefndarinnar. Dagleg umsjón starfseminnar fer fram í Samskipta-miðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Dagur íslenskrar tungu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól stofnuninni, eins og á umliðnum árum, að skipuleggja hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu. Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2014. Sérstakar viðurkenningar í tilefni dagsins hlutu annars vegar Lestrarhátíð í bókmenntaborg og hins vegar vefnámskeiðið Icelandic Online en Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er meðal þeirra sem að því standa. Úlfar Bragason og Birna Arnbjörnsdóttir veittu þeirri viðurkenningu viðtöku.

Hátíðardagskráin var að þessu sinni laugardaginn 15. nóvember en ekki á sjálfum degi íslenskrar tungu. Ástæðan var sú að ráðuneytið tók höndum saman við Íslenska málnefnd um sameiginlega dagskrá og málnefndin hefur um árabíl haldið málrættarþing á laugardegi nálægt 16. nóvember. Övenjumikið var lagt í málrættarþing nefndarinnar og MS enda var þess minnst árið 2014 að 50 ár voru liðin frá stofnun Íslenskrar málnefndar. Yfirskrift þingsins var *Mál og mannréttindi*. Hin samfellda dagskrá, með málrættarþingi og hátíðardagskrá dags íslenskrar tungu, var í löðu við Reykjavíkurtjörn, kl. 13.00–17.00.

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson sá um undirbúning dagsins að því er varðaði Íslenska málnefnd og Ari Páll Kristinsson og Hjördís Erna Sigurðardóttir að því er laut að verkefnum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

VIÐBURÐIR 2014



Margir góðir gestir heimsækja stofnunina ár hvert. Steina Vasulka vídeólistamaður vann með handritin í febrúar. Á myndinni eru með henni Woody Vasulka og Guðrún Nordal. Hér eru Jónas Kristjánsson og Sigríður Kristjánsdóttir að koma í kaffisamsæti á níræðisafmæli Jónasar.



Bókaunnendur gátu gert góð kaup á bókamarkaði stofnunarinnar.

Janúar

Ásta Svavarsdóttir rannsóknardósent tekur við sem stofustjóri orðfræðisviðs.

Guðbjörg Kristjánsdóttir hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita og bóka almenns efnis fyrir Íslensku teiknibókina.

Í tengslum við sýninguna Íslenska teiknibókin í Gerðarsafni er boðið upp á listasmiðjur fyrir börn og unglinga í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Febrúar

Orðasafn í líffærafræði kemur út í ritröðinni Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Steina Vasulka vídeólistamaður og maður hennar, Woody Vasulka, kynna sér handritin í safni Árnastofnunar og myndefni þeirra til að fá innblástur í list sína.

Vefur um handritasafn Árna Magnússonar er opnaður hjá Nordisk forskningsinstitut í Danmörku, www.haandskrift.ku.dk.

Listasmiðja og skrifarastofa safnkennara stofnunarinnar opin á safnanótt í Gerðarsafni.

Deigi íslenska tákn málsins er fagnað 11. febrúar.

Mars

Guðrún Nordal forstöðumaður er endurráðin til næstu fimm ára.

Stofnunin gerir samkomulag við Sendiráð Frakklands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum um undirbúning að gerð íslensk-franskrar orðabókar.

Margrét Valmundsdóttir MA er ráðin verkefnisstjóri á nafnfræðisviði.

Menningarsjóður starfsmanna stofnunarinnar gefur út afmælisritið Saltari, stilltur og sleginn Svanhildi Óskarsdóttur fimmtugri 13. mars 2014.

Heimsóknir safnkennara stofnunarinnar í grunnskóla á landsbyggðinni hefjast.

Málþingið Hallgrímur og Hólar í 400 ár er haldið á Hólum í Hjaltadal í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu sr. Hallgríms Péturssonar.

Apríl

Jónasi Kristjánssyni, fyrrverandi forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, var haldið kaffisamsæti á níræðisafmæli sínu, 10. apríl. Jónas lést 7. júní.

Söluhæstu bækurnar á bókamarkaði stofnunarinnar voru Landnámaþétt (ljósprent frá 1974) og Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit.



Upprennandi handritafræðingar virða fyrir sér gamla bók í bókasafninu í Sóreyjar-akademíunni.



Ár hvert heimsækja stúdentar stofnunina. Kristín Bjarnadóttir fræðir hér fyrsta árs íslenskunema við HÍ um starfsemina á orðfræðisviði.

Menningarsjóður starfsmanna stofnunarinnar gefur út afmælisritið Viskustykki undin Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur fimmtugri 4. apríl 2014.

Maí

Timaritið Orð og tunga kemur út, 16. hefti.

Alþingi Íslendinga gefur Norska stórþinginu endurgerðan handritshluta, með texta úr Konungsbók Grágásar. Hersteinn Brynjólfsson sá um umbúnað gjafarinnar.

Niunda LREC-ráðstefnan er haldin á Íslandi, viðamesta máltækniráðstefna heims. Hana sækja um 1200 þátttakendur frá 75 löndum.

Ársfundur stofnunarinnar haldinn 7. maí.

Fundur íslenskulektora, sem starfa erlendis, haldinn í Þýskalandi.

Júní

Málþing um konur í Sturlungu er haldið í Kakalaskála Skagafirði, kvenréttindadaginn 19. júní.

Sumarskóli í íslensku máli og menningu hefst. Fjögurra vikna námskeið fyrir norræna stúdenta, sex vikna námskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku og hálf mánaðar námskeið fyrir ungmenni af íslenskum uppruna frá Kanada og Ameríku.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í sumarskóla í íslensku máli og menningu.

Íslensk málnefnd 50 ára 30. júlí.

Ágúst

Út kemur Handritasyrpa, rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013.

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í ellefta sinn, að þessu sinni í Kaupmannahöfn.

Haukur Þorgeirsson er ráðinn rannsóknarlektor á handritasviði.

Gefin eru út tvö ný frímerki í sameiginlegri útgáfu Íslandsþósts og danska þóstsins: Handrit – 350 ára minning Árna Magnússonar.


VIÐBURÐIR 2014



Þorsteinn frá Hamri les upp Hrafnsmál á alþjóðlegu ráðstefnunni um Sturlu Þórðarson.



Verðlaunahafi og viðurkenningarþegar á degi íslenskrar tungu með mennta- og menningarmálaráðherra. Birna Arnbjörnsdóttir og Úlfar Bragason (Icelandic Online), Lára Aðalsteinsdóttir og Kristín Viðarsdóttir (Lestrarhátíð í bókmenntaborg), Illugi Gunnarsson og Steinunn Sigurðardóttir (Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar).



Samstarf er við Færeyinga um Faroese Online og íslensk-færeysku veforðabókina ISLEX. Bjarni Steintún og Zakaris Hansen eru hér á fundi um ISLEX en í árslok var búið að þýða 77% orðaforðans á Færeysku.

September

Tímaritið Gripla er skráð í virtan gagnagrunn fræðitímarita, Arts and Humanities Citation Index á vegum Thomson Reuters.

Sýning í Þjóðarabókhöðu í tilefni af fjögurra alda minningu sr. Hallgríms Péturssonar.

Ráðstefnan Sr. Ólafur Jónsson á Söndum í tali og tónum haldin á Þingeyri við Dýrafjörð.

Helga Kress flytur Sigurðar Nordals fyrirlestur á fæðingardegri hans 14. september.

Háskólanemar heimsækja stofnunina til að kynna starfsemi hennar og skoða gögnin.

Október

Samstarf hefst við Fróðskaparsetur í Færeyjum um þróun Faroese Online fyrir innflytjendur, að fyrirmynd Icelandic Online – Bjargir.

Eddukvæði I-II kemur út á vegum Hins íslenska fornritafélags.

Málþingið Hver var Hallgrímur? er haldið í Hallgrímskirkju í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu sr. Hallgríms Péturssonar.

Soffía Guðný Guðmundsdóttir er ráðin í hálf dagsstarf á skrifstofu.

Nóvember

Guðvarður Már Gunnlaugsson flytur Árna Magnússonar fyrirlestur á fæðingardegri hans 13. nóvember.

Degi íslenskrar tungu er fagnað um allt land í nítjándu sinn 16. nóvember.

Mál og mannréttindi – málrættarþing Íslenskrar málnefndar og MS haldið ásamt hátíðardagskrá mennta- og menningar- málaráðuneytis í tilefni dags íslenskrar tungu.

Vefnámskeiðið Icelandic Online hlýtur sérstaka viðurkenningu í tilefni dags íslenskrar tungu.

Alþjóðlega ráðstefnan Sturla Þórðarson, 1214–2014 er haldin 27.–29. nóvember.

Í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar 2013 stendur Árnasafn í Kaupmannahöfn fyrir málþingi um handritasafn Árna.

Desember

Góssið hans Árna. Minningar heimsins í íslenskum handritum kemur út.

Rasa Baranauskiené, lektor við Vilnius-háskóla, Alison Finlay, prófessor við Lundúnaháskóla og Oleksandr Mykhed, dósent við Taras Shevchenko-þjóðarháskólann í Kænugarði, hljóta Snorrastyrki til þriggja mánaða hvert.

Tímaritið Gripla kemur út, 24. árgangur.

Ritaskrá og fyrirlestrar starfsmanna árið 2014

Ari Páll Kristinsson

Tungumálaheiti. *Íslenskt-enskt orðasafn*. Reykjavík: Íðorðabanki Árnastofnunar. www.ordabanki.hi.is/wordbank/search, www.ismal.hi.is/job/uppl/tmal.html

„Icelandic ideologies: Protecting forms of language.“ Í *English in Nordic Universities: Ideologies and Practices*. Anna Kristina Hultgren, Frans Gregersen og Jacob Thøgersen ritstj., 165–177. *Studies in World Language Problems* Vol. 5. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company.

„Icelandic Attitudes and Policies towards English.“ Í *Sociolinguistica. International Yearbook of European Sociolinguistics*. Vol. 28. Ulrich Ammon, Jeroen Darquennes og Sue Wright ritstj., 123–135. Berlin/München/Boston: De Gruyter.

„Íslenska og enska í íslensku háskólastarfi.“ Meðhöf. Haraldur Bernharðsson. *Orð og tunga* 16:93–122.

„Landerapport Island: Islandsk eller engelsk i islandsk universitetsvirksomhed?“ Meðhöf. Haraldur Bernharðsson. Í *Hvor parallelt. Om parallellespråkighet på Nordens universitet*. Frans Gregersen ritstj., 427–486. TemaNord 2014:535. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.

„Vandað, einfalt og skýrt.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 36:95–98.

„Islandsk klarsprog som forskningsområde.“ Í *Myndighetstexter ur medborgarperspektiv. Rapport från Nordisk klarspråkskonferens i Helsingfors 21.–22.11.2013*. Maria Andersson, Eivor Sommar Dahl og Aino Piehl ritstj., 35–38 og 74. Helsinki: Nätverket för språknämnderna i Norden.

„Frá Íslenska málfræðifélaginu.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 36:125–130.

„Málþing um tungumál og alþjóðavæðingu í háskólastarfi.“ *Orð og tunga* 16:159.

„Siað tal.“ Í *Saltari stilltur og sleginn Svanhildi Óskarsdóttur fimmtugri 13. mars 2014*, 149–150. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.

Hvenær var íslenska stafröfinu breytt? *Visindavefurinn* (birt 2. apríl).

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=66906>

Hvað eru nýyrði? *Visindavefurinn* (birt 9. apríl). <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=67193>

„Á að skrifa Jörð eða jörð?“ *Visindavefurinn* (birt 19. maí). <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=67184>

„Hafa Ganverjar unnið Þjóðverja á HM? Hvaða íbúaheiti á að nota?“ *Visindavefurinn* (birt 27. júní). www.visindavefur.is/svar.php?id=67703

„Nýyrði.“ *Orð vikunnar á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (birt 27. mars). http://www.arnastofnun.is/page/ordpistlar_nyrdi

„Ganverji.“ *Orð vikunnar á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* (birt 25. júní). http://www.arnastofnun.is/page/ordpistlar_ganverji

Fyrirlestrar og erindi:

„Um hugtakið nýyrði og málpolitíska þýðingu þess.“ [Heiti málstofu: *Af nýyrðum í íslensku*.] Hugvísindabing Háskóla Íslands, 15. mars.

„Sprog og sprogplanlægning.“ *Nordkurs*. Háskóla Íslands, 11. júní.

„Consequences of Purist Lexical Standardization.“ *Second Tampere Linguistics Forum*. Tampere-háskóla, Tampere, 11. september.

Ágústa Þorbergsdóttir

„Resultat af konkurrence om nye ord.“ Í *Neologismer*. Dansk Sprognævns 2. seminar om nye ord, 43–63. Dansk Sprognævn.

[Ritstj.] Íðorðabanki Árnastofnunar, www.ordabanki.hi.is

Fyrirlestrar og erindi:

„Lærð eða virk orðmyndun? Athugun á nýyrðum sem eru jafnframt iðorð.“ [Heiti málstofu: *Af nýyrðum í íslensku*.] Hugvísindabing Háskóla Íslands, 15. mars.

„Þróun í verkefnavinnu og námsmati.“ [Heiti málstofu: *Kennsluþróun á háskólastigi*.] Menntakvika, Háskóla Íslands, 3. október.

„Kan termene være hist og her?“ Málþing á vegum Språkrådet i Noregi, *Alle termer på (r)ett sted*, Oslo, 17. nóvember.

Ásta Svavarsdóttir

„Language resources for early Modern Icelandic.“ Í *Proceedings of Language Resources and Technologies for Processing and Linking Historical Documents and Archives – Deploying Linked Open Data in Cultural Heritage*, 19–25. (LRT7HDA). [Ásamt Sigrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Kvaran.]

„Hvert stefnir í íslenski setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreitingar.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 35:57–127. [Ásamt Höskuldi Þráinssyni, Eiríki Rögnvaldssyni, Jóhannesi Gísla Jónssyni, Sigríði Sigurjónsdóttur og Þórunni Blöndal.]

